

sumarlandsins. Með honum á myndinni eru Jón
g Gísli Halldórsson.

leikhúsið:

eimsins
ll sum-
ndsins

Aðrir leikarar í Ljósi heimsins eru meðal annarra Árnheiður Ingimundardóttir, Bára Lyngdal Magnúsdóttir, Bryndís Petra Bragadóttir, Erla Rut Harðardóttir, Eyvindur Erlendsson, Guðmundur Ólafsson, Jakob Þór Einarsson, Margrét Ákadóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og fleiri.

Leikarar í Höll sumarlandsins eru auk Þórs Tulinius meðal annars Þorsteinn Gunnarsson, Edda Heiðrún Backman, Elín Jóna Þorsteinsdóttir, Pétur Einarsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Jón Sigurbjörnsson, Hanna María Karlsdóttir, Guðrún Ásmundsdóttir og Gísli Halldórsson. Höll sumarlandsins verður sýnd á sunnudag en frumsýning verður 26. október.

-HK

dasýning

Sýningin er liður í 50 ára afmæli skólans og sýna þar verk sín 1. árs nemendur í málun og 2. árs nemendur í skúlptúr. Sýningin er úti við, í anddyri og á göngum spítalans og henni lýkur sunnudaginn 29. október.


Kjarvalsstaðir:

Skálar, vasar og ílát

Kristín Ísleifsdóttir opnar á morgun, laugardaginn 28. október, kl. 14 sýningu á verkum sínum í vesturforsal Kjarvalsstaða. Á sýningunni verða um það bil áttatíu skálar, vasar og ílát sem unnin hafa verið í leir á síðastliðnum tveimur árum. Form verkanna eru í flestum tilfellum tilvísun til hluta sem ekki hafa verið notaðir í daglegu lífi.

Kristín er fædd í Reykjavík 1952. Hún útskrifaðist frá Listiðnaðar- og hönnunardeild Tokyo Designers Collage 1979. Hún hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og Tokyo og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, Norðurlöndunum, Ítalíu og Japan.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 11–18 og stendur til 12. nóvember.



Eitt verka Kristínar Ísleifsdóttur á sýningu hennar á Kjarvalsstöðum



Jónína Magnúsdóttir við eitt verka sinna.

Ninný sýnir í Gallerí List

Jónína Magnúsdóttir, Ninný, opnar sýningu á verkum sínum í Gallerí List, Skipholti 50b, laugardaginn 28. október kl. 15.

Jónína er fædd 1955 í Reykjavík. Hún lauk prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1978. Hún hefur einnig stundað nám við Myndlistarskóla Reykjavíkur og á árunum 1983–1987 stundaði hún nám hjá dönsku listakonunni Elly Hoffmann.

Þetta er önnur einkasýning Jónínu en hún hefur áður sýnt í Danmörku. Auk þess tók hún þátt í IBM-sýningunni Myndlistarmenn framtíðarinnar á Kjarvalsstöðum 1987.

Myndirnar á sýningunni eru unnar á flísar með postulínslitum, olíu á striga og krít á pappír. Sýningin verður opin daglega frá kl. 10.30–18.00 laugardaga og sunnudaga frá kl. 14–18. Henni lýkur 5. nóvember.

Nýhöfn:

Stórar blýteikningar á pappír

Valgerður Bergsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Nýhöfn, Hafnarstræti 18, laugardaginn 28. október kl. 14.

Valgerður er fædd í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963, stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1966–1969 og 1971–1973 við Statens kunstindustri- og håndværkerskole í Osló 1969–1971.

Á sýningunni í Nýhöfn eru stórar blýteikningar á pappír. Teikningarnar eru flestar frá þessu ári og að hluta til unnar á vinnustofu í Listamiðstöðinni Sveaborg við Helsinki þar sem Valgerður dvaldi í sumar.

Valgerður hefur haldið nokkrar einkasýningar, síðast í gallerí Svart á hvítu 1988 og þar áður í stúdíói Listasafnsins í Åbo í Finnlandi 1983 þar sem hún var valin teiknari mánaðarins. Valgerður var fulltrúi Íslands á Norræna teiknitriennalnum í Svíþjóð í ágúst síðastliðnum. Hún hefur auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér heima og erlendis.

Valgerður fékk sex mánaða starfslaun frá íslenska ríkinu á þessu ári. Sýningin er opin frá kl. 14–18 um helgar og frá kl. 10–18 virka daga. Henni lýkur 15. nóvember.

hádegisverð á vægu verði og að erindunum loknum verður tími til fyrirspurna og umræðna. Hér er á ferðinni einstakt tækifæri til að ræða trúarleg málefni, sem brenna á okkur öllum, við þennan mikilsvirta kennimann. Allir sem áhuga hafa eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri.

Eru kennarar fagmenn? Námsstefna um fagvitund kennara

Skólamálanefnd Hins íslenska kennarafélags gengst fyrir námsstefnu um fagvitund kennara laugardaginn 28. október, í Hafnarborg, Hafnarfirði. Námsstefnan ber yfirskriftina „Eru kennarar fagmenn?" Aðalfyrirlesari námsstefnunnar er dr. Wolfgang Edelstein en auk hans munu 4 kennarar flytja stutt erindi um fagmennsku við kennslu einstakra greina: Sigurður Hlíðar, stærðfræði, Hafdís Ingvarsdóttir, erlend tungumál, Heimir Pálsson, móðurmál, og Herdís Oddsdóttir, tónmenntir. Flutt verða stutt tónlistaratriði: Kór Öldutúnsskóla mun syngja og félagar úr kór Flensborgarskóla syngja við undirleik. Námsstefnan hefst kl. 9.30 og er öllum opin.

„Búum börnum betri framtíð"

er yfirskrift JC-dagsins sem haldinn verður hátíðlegur laugardaginn 28. október. Í tilefni af JC-deginum munu JC-félögin í Reykjavík og á Seltjarnarnesi halda skemmtun á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi, í samstarfi við Krísuvíkursamtökin. Boðið verður upp á fjölbreytta skemmtun en hún hefst kl. 14 með ávarpi forseta bæjarstjórnar Seltjarnarness, Guðmars Magnússonar. Dagskránni lýkur kl. 16.

Kvöldvökufélagið Ljóð og saga

heldur fyrstu kvöldvöku vetrarins laugardaginn 28. október kl. 20.30 í Skeifunni 17. Mætum öll og tökum með okkur gesti.

Börn og bækur í Blindrabókasafni

Laugardaginn 28. október kl. 14 verður haldin bókmenntakynning fyrir börn í Blindrabókasafni Íslands að Hamrahlíð 17. Danski rithöfundurinn H. C. Andersen verður kynntur. Keld Gall Jörgensen lektor fjallar um skáldið og verk hans og Gísli Halldórsson leikari les úr verkum hans.

Sjóferðir um helgina

Náttúruverndarfélag Suðvesturlands og Eyjaferðir standa fyrir sjóferðum á morgun, laugardag, með farþegabátnum Hafrúnu. Þetta verða síðustu sjóferðirnar í haust. Kl. 10 verður siglt um Kollafjörð og kl. 14 verður siglt suður í Skerjafjörð. Báðar ferðirnar taka um tvær klst. Farið verður frá Grófarbryggju neðan við Hafnarhúsið.

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 28. október. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Nú fara vetrarvindar að gnauða og við klæðum okkur eftir veðrinu. Við röltum undir kjörorðinu: Samvera, súrefni og hreyfing. Nýlagað molakaffi.

Fundir

III. ráð ITC

heldur sinn 21. fund laugardaginn 28. október á Hótel Selfossi, Ársölum. Fundarstef: Þjálfun og samstarf eru lykill að árangri. Skráning hefst kl. 9.45. Kl. 10 er fundur með forsetum og ráðsfulltrúum deilda. Kl. 11 fundarsetning. Á dagskránni verða venjuleg félagsmál, hæfnismat á fyrri hluta fundar, framkvæmt af þingskapaleiðara Landssamtaka ITC, Inger Steinsson. Eftir matarhlé mun María Gröndal, ITC Fífu í Kópavogi, segja frá Landsþingi ITC í Bretlandi sl. vor. Síðan mun Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur vera með fræðslu og eftir kaffihlé mun Emil Thoroddsen frá Iðntæknistofnun segja frá námskeiðum sem haldin hafa verið fyrir konur um stofnun og rekstur fyrirtækja, reynslu og framhald. Gert er ráð fyrir að fundinum ljúki kl. 16.30. Gestgjafadeild fundarins er ITC deildin Seljur, Selfossi. Umsjónarmaður fundarins er Guðrún Edda, sími 98-22424.

Borgarafundur JC á Akureyri

Á Akureyri verður haldinn borgarafundur í Borgarbíói og hefst hann kl. 14 laugardaginn 28. október. Kjörorð fundarins verður „Búum börnum betri framtíð".

Landsfundur Kvennalistans

verður að þessu sinni haldinn í Básum í Ölfusi dagana 27.–29. október. Fundurinn er opinn öllum kvennalistakonum en nauðsynlegt er að þátttakendur skrái sig hjá starfskonu Kvennalistans í síma 91-13725.

II. ráð ITC á Íslandi

heldur 21. ráðsfund sinn laugardaginn 28. október nk. í Bolungarvík. Margt verður um fræðslu á fundinum og m.a. mun Soffía Vagnsdóttir tónlistarkennari flytja fræðslu um tónlist. Kristjana Milla Thorsteinsson, þingskapaleiðari II. ráðs, mun verða með fræðslu um störf dómara á ræðukeppnum. Forseti II. ráðs er Alexía Gísladóttir. Í öðru ráði ITC eru deildir frá Reykjavík, Akureyri, Mývatni, Bolungarvík, Hafnarfirði og Garðabæ. Stefna ITC er að þroska þjálsar og opinskáar umræður án fordóma um málefni, hvort sem er stjórnmálalegs, félagslegs, hagfræðilegs, kynþáttalegs eða trúarlegs eðlis.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands
Dagsferð sunnudaginn 29. okt.
Kl. 13: Höskuldarvellir – Trölladyngja. Leiðin liggur suður með sjó þar til komið er að afleggjaranum til Höskuldarvalla hjá Kúageröi. Trölladyngja er lág hæð austur af Höskuldarvöllum. Létt gönguferð í fallegu landslagi. Verð 800 kr. **Næsta myndakvöld verður miðvikudaginn 8. nóvember** í Sóknarsalnum, Skipholti 50a. Brottför í dagsferðina er frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn innan 15 ára. Létt gönguferð er góð hvíld.

Útivistarferðir

Haustblót á Snæfellsnesi
27.–29. okt.
Gist á Lýsuhóli. Nú gönguleið um óviðjafnanlegt umhverfi. Sameiginleg máltíð á laugardagskvöld. Kvöldvaka. Sundlaug á staðnum. Heiðursgestur á haustblótinu verður Kristján M. Baldursson. Farastjóri: Sigurður Sigurðsson. Upplýsingar og farmiðasala á skrifstofu, Grófinni 1. Símar: 14606 og 23732.
Dagsferð, sunnudaginn 29. okt.
Áhugaverð gönguleið um hverasvæði í nágrenni Hengils: Innstidalur–Ölkeldan. Brottför kl. 13 frá Umferðarmiðstöð – bensínsölu. Einnig er hægt að koma í rútuna við Árbæjarsafn.

Sýningar

Málverkasýning Magnúsar Guðmundssonar

Í Félagsheimili Patreksfjarðar stendur yfir sýning á verkum Magnúsar Guðmundssonar sem hann hefur málað á sl. fjórum árum. Magnús stundaði málaralist í Myndlistaskóla Íslands. Sýningin stendur til 29. október.

Art-Hún,

Stangarhyl 7,
Reykjavík
Að Stangarhyl 7 er sýningarsalur og vinnustofur. Þar eru til sýnis og sölu olíumálverk, pastelmyndir, grafík og ýmsir leirmunir eftir myndlistarmennina Erlu B. Axelsdóttur, Helgu Ármanns, Elínborgu Guðmundsdóttur, Margréti Salome Gunnarsdóttur og Sigrúnu Gunnarsdóttur. Opið alla virka daga kl. 13–18.

Árbæjarsafn,

sími 84412
Opið eftir samkomulagi. Upplýsingar í síma 84412.

Ásgrímssafn,

Bergstaðastræti 74
Í safni Ásgríms stendur yfir sýning á myndum Ásgríms frá Þingvöllum. Á sýningunni eru 25 verk, aðallega vatnslitamyndir, en einnig nokkur olíumálverk. Sýningin stendur fram í febrúar og er opin um helgar og á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.30–16.

Ásmundarsalur

v/Freyjugötu,
Á morgun opnar Aðalheiður Valgeirsdóttir sýningu á grafík- og þurrkrítarmyndum. Á sýningunni verða 36 verk, 15 þurrkrítarmyndir og 21 dúkrista. Verkin eru öll unnin á þessu ári. Sýningin stendur til 12. nóvember og er opin kl. 14–20 alla sýningardagana.
er.

FÍM-salurinn,

Garðastræti 6
Kristinn G. Jóhannsson listmálari sýnir 22 ný olíumálverk sem öll fjalla um landslag og náttúru landsins. Þetta er 17. einkasýning Kristins en hann hefur einnig tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Sýningunni lýkur sunnudaginn 5. nóvember.

Gallerí Borg,

Pósthússtræti 9
Þar stendur nú yfir sýning á vatnslitamyndum eftir Torfa Jónsson. Torfi hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Á sýningunni nú eru vatnslitamyndir, málaðar á Vestfjörðum sl. sumar. Myndirnar eru allar til sölu. Sýningin er opin virka daga kl. 10–18 og um helgar kl. 14–18.
Í Grafík-gallerí Borg, Austurstræti 10, er mikið úrval af grafík og keramiki, einnig olíuverk eftir yngri kynslóðina í stækkuðu sýningarrými. Grafík-galleríið er opið virka daga kl. 10–18.

Gallerí 15,

Skólavörðustíg 15
Björn Geir Ingvarsson sýnir 35 collagemyndverk, öll unnin á síðustu þremur árum. Sýningin er opin um helgar frá kl. 14–20 og virka daga kl. 16–20. Sýningunni lýkur sunnudaginn 29. október.

Gallerí „einn-einn",

Skólavörðustíg 4a
Gunnar Kristinsson sýnir myndir og styttur. Myndirnar eru unnar innan hugtaksins „Antlitz-saga" en antlitz er gamalt orð og þýðir andlit og hefur að geyma tengsl við trúarbrögð. Þetta er 14. einkasýning Gunnars.

Gallerí List,

Skipholti 50B
Jónína Magnúsdóttir, Ninný, opnar sýningu á verkum sínum á morgun kl. 15. Myndirnar á sýningunni eru unnar á flísar með postulínslitum, olíu á striga og krít á pappír. Sýningin verður opin virka daga kl. 10.30–18, laugardaga og sunnudaga kl. 14–18. Henni lýkur 5. nóvember.